

54

17. maí

Sjóðnum skal stjórnað af 5 manna nefnd, sem eru sjálfkjörnir sýslumaður Skaftafellssýslu og oddvitar Mýrdalshreppanna tveggja, sóknarprestur Mýrdalsþinga og einn maður, er nánustu ættmenn Guðlaugar Halldórsdóttur og Halldórs Jónssonar tilnefna.

5. gr.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins hafa lokið reikningum hans fyrri hluta janúarmánaðar ár hvert, og senda þá endurskoðendum sjóðsins, en til þess starfa kjósa hreppsnefndir Mýrdalshreppanna 2 menn þriðja hvert ár.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari. Breytingar á ákvæðum hennar síðar skulu því aðeins gildar vera, að stjórn sjóðsins leggi þær til í einu hljóði, áður nefndar hreppsnefndir gefi þeim samþykki sitt og konungur staðfesti þær á venjulegan hátt.

55

17. maí

SAMÞYKT

um

sýsluvegasjóð í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Í Eyjafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufjelaginu, greiðist úr sýsluvegasjóðnum.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

1. Frá þjóðveginum hjá Kaupangi, suður austan Eyjafjarðarar að hreppamótum Öngulsstaða- og Saurbæjarhrepps.
2. Frá Saurbæ að Torfufelli.
3. Frá þjóðveginum á Moldhaugnahálsi norður með Eyjafirði að vestan og fram Svarfaðardal austan ár að Ytra-Hvarfi, þar yfir brýrnar að Hreiðarstöðum.
4. Frá Dalvík upp Svarfaðardal vestan ár að Atlastöðum.
5. Frá Ólafsfjarðarkauptúni vestan ár að Reykjum.
6. Frá Hörgárbrú ytri að Hörgárbrú á Helguhyl og frá austurenda þessarar brúar að Flöguseli.

7. Frá Hörgárbrú á Helguhyl og þaðan austur yfir brúna á Öxnadalsá á Þjóðveginn. 55
17. maí
8. Frá Öxnadalsárbrú vestan árinna að Hrauni.
9. Frá Hjalteyri á sýsluvegin hjá Skriðulandi.
10. Frá Syðra-Krossanesi á Þjóðveginn rjett fyrir norðan Glerárbrú.
11. Frá Hámundarstaðahálsi yfir væntanlega brú hjá Árgerði að Dalvík.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum innan sýslunnar. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hvernjar jarðar, en af eiganda hvernjar lóðar eða húseignar í kaupúnum. Þó skal hreppsfjelagi heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði, sje það samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða á lögmetum sveitarfundi, sbr. 53. gr. sveitarstjórnarlaganna, og tilkynning um það komi til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundar-samþykktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar hreppsnefnd þá skattinum niður með aukaútsvörum og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga þeim, er áður segir.

4. gr.

Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár vegaskatturinn skuli vera það ár, en hann skal vera minst $1\frac{1}{2}$ af hverju þúsundi af virðingar-verði skattskyldra fasteigna samkvæmt fasteignamati, og má eigi hærri vera en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnuáráðherra komi til í hvert sinn. Skal skatturinn miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur, samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923.

Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

5. gr.

Í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfjelagið ver til vegagerðar innan hrepps á því ári, að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefir til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

6. gr.

Heimilt er sýslunefndinni að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundradsgjald, er miðist við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýsl-

55 unnar. Hámark hundraðsgjalds í einstökum hreppum má ekki vera meira en 17. maí 30% hærra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýsluvegasjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fje á móti, eftir nánari ákvæðum sýslufundar í hvert sinn.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir, ásamt húsum og lóðum á þeim, ennfremur að ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati vegna sjávarhlunninda.

Á sama hátt má ívilna þeim kauptúnunum, sem eru sjerstakt hreppsfeilag, og hafa lítil not af vegakerfi sýslunnar.

8. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykta, og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

9. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillög úr ríkissjóði eftir því, sem ákveðið er í 8. gr. laga nr. 10, 20. júní 1923.

10. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885, sbr. lög nr. 10, 20. júní 1923.

11. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt þessari skal sá, er sekur verður, greiða 10—200 kr. sekt, er rennur í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

Á þessari samþykkt skal leita staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðherra.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli, 17. maí 55

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. maí 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

ERINDISBRJEF

fyrir

matsmenn á saltkjöti.

56
1. júní

1. gr.

Matsmenn skulu sjá um, að slátrun fari fram samkvæmt 1. gr. laga um mat á saltkjöti til útflutnings frá 10. sept. 1919. Þeir skulu sjá um, að allar þær tunnur, sem saltað er í, sjeu í góðu standi, vel hreinar og vel bentar, og að ekkert það hafi verið í tunnunum áður, er haft geti áhrif á kjötið, hvort heldur bragð þess eða lykt. Þeir sjá um að ekkert kjöt verði í tunnurnar látið, sem ekki hefir áður verið viðurkennt af dýralækni eða þeim lögskipuðum lækni, er stjórnarráðið hefir skipað til kjötskoðunar og skal alt kjöt vera stimplað, nema lögleg undanþága frá stimplun sje fengin. Þeir sjá um að kjötið sje vel kælt áður en það er saltað niður, og að hæfilega mikið af hreinu salti sje notað, eða í hver 112 kg. ekki minna en 10 kg. af góðu spönsku eða ítölsku salti. Þeir hafa eftirlit með því, að kjötið sje vel höggvið, og skal skifta hverjum kropp í sex parta, þannig, að fyrst sje kroppurinn klofinn að endilöngu sem næst miðhryggnum, því næst skal hvorum helmingi skift í þrjá parta, sem sje bógstykki, miðstykki og læri. Miðstykkinu skulu fylgja fjögur rif, allur hupperinn, klettið og hryggurinn aftur úr. Þó skal kroppnum því aðeins skift í sex parta að hver hluti vegi um 2 kg., annars skal honum skift í fjóra parta. Matsmenn skulu sjá um, að kjötið sje þæklað strax eftir söltun og að þækillinn sje nægilega sterkur, eða um 24 stig á þækilmæli; skal hann búinn til úr hreinu vatni (ekki sjó) og síaður gegn um ljereft, um leið og hann er látinn á kjötið. Í hver 112 kg. af kjöti skal láta 80 gr. af góðum saltþjetri. Þó má víkja frá þessu ef útflytjendur óska þess, en bera skal það undir yfirkjötmatsmann. Æskilegt væri, að læri og bógar yrðu sprautaðir saltþækli, ef verkfæri þau, er til þess þarf eru fánleg. Matsmenn sjá um að kjötið sje rjett flokkað eftir því sem erindisbrjefið mælir fyrir.